

### **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 19. maí 2015 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-83/2014:

#### **I**

##### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 9. október sl. bað X hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti af Y hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði sér skaðabætur.

#### **II**

##### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags 16. október sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 31. október. Með bréfi, dags. 6. nóvember, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 25. nóvember. Með bréfi, dags. 10. desember, var seljanda gefinn kostur á frekari andsvörum og bárust þau hinn 8. janúar. Með bréfi, dags. 16. janúar, var álitsbeiðanda gefinn kostur á frekari athugasemdum og bárust þær hinn 30. janúar. Með bréfi, dags. 6. febrúar, var seljanda gefinn kostur á enn frekari andsvörum og frestur til að skila þeim til 20. febrúar. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 11. maí, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

#### **III**

##### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 30. mars 2012 keypti eiginkona álitsbeiðanda bifreiðina xx-000 notaða af seljanda en bifreiðin var fyrst skráð hinn 24. maí 2011. Segir álitsbeiðandi að umrædd breið hafi verið flutt inn, notuð og þjónustuð af seljanda, sem er bifreiðaumboð, frá fyrstu skráningu og þar til kona álitsbeiðanda keypti bifreiðina. Eftir kaupin hafi bifreiðin verið þjónustuð í samræmi við leiðbeiningar og fyrirmæli seljanda. Hinn 14. september 2014 varð vart við að gírkassi virkaði ekki eðlilega. Strax daginn eftir var farið með bifreiðina á verkstæði seljanda. Þar var staðfest að gírkassi virkaði ekki eðlilega og frekari skoðunar væri þörf. Frekari skoðun leiddi í ljós að líklegast þyrfti að skipta um kúplingspressu og kúplingspræl, en kúplingsdiskur virtist í lagi. Voru varahlutir pantaðir af seljanda og viðgerð framkvæmd í kjölfarið og greiddi álitsbeiðandi kr. 162.805 fyrir viðgerðina. Segir álitsbeiðandi að á þessum tímapunkti hafi umrædd bifreið verið ekin 65.584 km. og telur álitsbeiðandi að afar óeðlilegt sé að kúplingspressa gefi sig í jafn nýlegri og lítið ekinni bifreið. Segist álitsbeiðandi og hafa rætt við nokkra bifvélavirkja sem telji að um galla sé að ræða á bifreiðinni. Seljandi hafi hins vegar ekki viðurkennt að um galla sé að ræða eða að bilunin flokkist undir ábyrgðartjón framleiðanda.

Sem fyrr segir krefst álitsbeiðandi þess að seljandi greiði honum skaðabætur, sem nemi viðgerðarkostnaði vegna bilunar í bifreiðinni, kr. 162.805. Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af reikningum vegna umræddra viðgerða, ásamt afriti af eigendaferli bifreiðarinnar.

#### **IV**

##### **Andsvör seljanda**

Í andsvörum seljanda kemur fram að umrædd bifreið var nýskráð hinn 24. maí 2011 sem bílaleigubifreið og var bifreiðin í notkun sem slík hjá bílaleigu seljanda. Við sölu bifreiðarinnar til eiginkonu álitsbeiðanda hinn 30. mars 2012 var skráningu bifreiðarinnar breytt úr bílaleigubifreið í almenna notkun. Var kaupanda ljóst að um var að ræða notaðan bílaleigubíl og endurspeglaði verð bifreiðarinnar það. Segir seljandi að því sé ljóst að 5 ára kvörtunarfrestur eigi ekki við í málinu þar sem fyrsti eigandi bifreiðarinnar hafi verið lögaðili og bifreiðin notuð í atvinnurekstri. Eingöngu hafi því verið um að ræða 2 ára lögbundna ábyrgð sem hafi runnið út 25. maí 2013. Við kaupin hafi kaupandi keypt framlengingu á 2 ára ábyrgðinni um 1 ár eða að hámarki 60.000 km akstur, hvort heldur kemur á undan. Sú ábyrgð hafi runnið út við 60.000 km akstur eða í síðasta lagi 25. maí 2014. Kvörtunarfrestur vegna sölu bifreiðarinnar hafi hins vegar runnið út hinn 30. mars 2014. Næst rekur seljandi að bilunina í bifreiðinni hafi mát rekja til bilunar í kúplingspressu. Kemur það því seljanda á óvart að álitsbeiðandi þekki ekki orsök bilunarinnar, enda hafi honum verið tilkynnt um hana. Bilunin í kúplingspressunni lýsi sér þannig að stálfjöður í pressunni brotnar í sundur og orsakar það að kúplingin slítur ekki sem skyldi. Telur seljandi ljóst að kúpling og einstakir íhlutir hennar teljist ekki til gírkassa bifreiðarinnar, heldur sé aðeins um almennan slithlut að ræða sem þurfi viðhald í samræmi við það. Ekki sé því um að ræða söluhlut sem ætlaður sé verulega lengir endingartími en almennt gerist um söluhluti. Að lokum bendir seljandi á að álitsbeiðandi hafi fengið afslátt af viðgerðarkostnaði vegna bilunarinnar og að kröfum hans sé hafnað.

## V

### **Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda**

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur m.a. fram að álitsbeiðandi telur að seljandi hafi ekki sýnt fram að á kaupverð bifreiðarinnar hafi verið á einhvern hátt hagstæðara þar sem bifreiðin hafi áður verið bílaleigubifreið og hafnar álitsbeiðandi því fullyrðingum seljanda um slíkt. Þá telur álitsbeiðandi að ekki sé hægt að fallast á það með seljanda að þar sem bifreiðin hafi áður verið í eigu lögaðila og notuð í atvinnurekstur sé réttur til að bera fyrir sig galla í 5 ár fallinn niður. Geti ekki staðist að notkun seljanda á bifreiðinni hafi þær afleiðingar að réttarstaða álitsbeiðanda breytist. Þá rekur álitsbeiðandi að ekki hafi komið fram, hvorki í andsvörum seljanda, né annarsstaðar, hver sé ástæða þess að stálfjöður í kúplingspressu brotnaði, aðeins að hún hafi brotnað. Það að kúplingspressa gefi sig sé ekki algeng bilun, mun oftast þurfi að skipta um kúplingsdisk en pressu. Telur álitsbeiðandi að kúplingspressan hafi verið haldin galla og um sé að ræða íhlut sem ætlaður sé mun lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti. Þá sé umrædd bifreið lítið ekin og nýleg. Að lokum ítrekar álitsbeiðandi fyrri kröfur sínar.

## VI

### **Frekari andsvör seljanda**

Í frekari andsvörum seljanda kemur m.a. fram að við útreikning á verði bifreiðarinnar við sölu hafi verið stuðst við viðmiðunarverð Bílagreinasambandsins. Þar hafi viðmiðunarverðið verið kr. 3.808.559 þegar bifreiðin var seld hinn 20. mars 2012. Söluverð hafi hins vegar verið kr. 3.340.000. Þá ítrekar seljandi að umrædd bifreið hafi verið skráð sérstaklega sem atvinnu/bílaleigubifreið og notuð til atvinnurekstrar af lögaðila og geti því ekki með neinu móti fallið undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup. Hins vegar sé ekki véfengt að réttur álitsbeiðanda til að kvarta undan galla varði í 2 ár frá kaupdegi. Sá frestur hafi hins vegar runnið út hinn 30. mars 2014. Umframábyrgðin seljanda, sem álitsbeiðandi keypti, hafi síðan annaðhvort runnið út hinn 25. maí 2014 eða þegar búið var að aka bifreiðinni 60.000 km.

## VII

### **Frekari athugasemdir álitsbeiðanda**

Í frekari athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur m.a. fram að álitsbeiðandi telur að verðútreikningar Bílgreinasambandsins taki mið af verðviðmiðunum bílaumboðsins sjálfs og þeim forsendum sem umboðin setji sjálf inn í „kerfið“. Verði því að taka verðupplýsingunum með fyrirvara um það. Þá vísar álitsbeiðandi í að starfsmaður seljanda hafi sjálfur sagt að hin umþrætta bifreið hafi ekki verið seld „sérstaklega ódýrt eða undir markaðsverði“. Eins hafi seljandi skráð bifreiðina meira ekna en raunin var til að þurfa ekki að greiða opinber gjöld. Hafnar álitsbeiðandi því að sú staðreynd að seljandi hafi skráð og notað umrædda bifreið sem bílaleigubifreið hafi getað haft áhrif á réttarstöðu álitsbeiðanda, enda hafi lög nr. 48/2003 um neytendakaup engu að síður gilt um sölu bifreiðarinnar. Ítrekar álitsbeiðandi að hann telji að kúplingspressa bifreiðarinnar hafi verið haldin galla og að hann eigi rétt á því, skv. áðurnefndum lögum, að bera þann galla fyrir sig í allt að 5 ár frá kaupdegi. Eins ítrekar álitsbeiðandi kröfur sínar.

## **VIII**

### **Niðurstaða kærunevndarinnar**

Kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa. Bera andsvör seljanda það með sér að félagið telji að lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup hafi átt við um sölu hinnar umþrættu bifreiðar, eða þá að seljanda hafi verið heimilt að takmarka að einhverju leyti rétt kaupanda skv. lögum nr. 48/2003 um neytendakaup. Hvort heldur sem er, virðist framangreind afstaða seljanda vera byggð á því að hin umþrætta bifreið hafi, fyrir sölu hennar til álitsbeiðanda, verið skráð og notuð sem bílaleigubifreið. Kærunevndin vill í þessu samhengi benda á að skv. framlögðum gögnum er seljandi bifreiðarinnar nefndur seljandi í máli þessu. Er seljandi félag sem hefur þann aðaltilgang að flytja inn og selja nýjar bifreiðar. Ásamt því hefur nefndur seljandi einnig með á höndum sölu notaðra bifreiða. Í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup segir um gildissvið laganna að þau eigi við sölu hlutar til neytanda þegar seljandi eða umboðsmaður hans hafi atvinnu sína af sölu. Á 2. mgr. 1. gr. þannig við um seljanda. Í 3. mgr. 1. gr. sömu laga segir síðan að með neytanda sé átt við einstakling sem kaupir söluhlut utan atvinnustarfsemi. Bera gögn málsins ekki annað með sér en að kaupandi bifreiðarinnar hafi einmitt verið í þeirri stöðu, þ.e. einstaklingur sem keypti söluhlut utan atvinnustarfsemi. Eiga þannig lög nr. 48/2003 um neytendakaup við um viðskipti aðila. Í 3. gr. laganna segir síðan í 1. mgr. að ekki sé heimilt að semja um eða bera fyrir sig kjör sem séu neytanda óhagstæðari en leiða myndi af lögnum. Með öðrum orðum eru lög nr. 48/2003 um neytendakaup ófrávíkjanleg og því ekki hægt að semja um kjör við sölu sem fellur undir þau lög, sem veita neytanda minni réttindi en leiðir af lögnum. Er því seljanda haldlaust að bera það fyrir sig að útilokað sé að 5 ára kvörtunarfrestur skv. 2. mgr. 27. gr. laganna geti átt við í málinu. Skiptir í því samhengi engu máli hvort bifreiðin hafi verið seld ný eða notuð.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunevndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 hinn 30. mars 2012 fyrir kr. 3.340.000. Bifreiðin er af gerðinni Ford Mondeo, árgerð 2011 og fyrsti skráningardagur hennar 24. maí 2011. Bifreiðin var um 10 mánaða á kaupdegi og hafði verið ekið 20.183 km þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali.

Seljandi hefur haldið því fram í andsvörum sínum að almennur frestur álitsbeiðanda til að bera fyrir sig galla á bifreiðinni hafi verið til 30. mars 2014, þ.e. 2 árum eftir að kaupin

fóru fram. Álitsbeiðandi hafi hins vegar keypt auka ábyrgð á bifreiðina af seljanda en sú ábyrgð hafi runnið út í síðasta lagi hinn 25. maí 2014. Því hafi frestir álitsbeiðanda til að bera fyrir sig galla verið runnir út hinn 15. september 2014, þegar álitsbeiðandi leitaði til seljanda. Í þessu samhengi vill kærunefndin ítreka að lög nr. 48/2003 um neytendakaup gilda um viðskipti aðila. Í 2. mgr. 27. gr. laganna er fjallað um fresti neytenda til að bera fyrir sig galla. Þar segir m.a.: „Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka.“ Kærunefndin getur fallist á það með seljanda að hinn almenni 2 ára frestur var liðinn þegar álitsbeiðandi kvartaði undan galla á kúplingspressu bifreiðarinnar. Kærunefndin metur það hins vegar sem svo að ólíkt því sem væri með t.d. kúplingsdisk, geti neytendur kvartað undan galla á kúplingsdælu í allt að 5 ár. Að mati kærunefndarinnar var frestur álitsbeiðanda til að bera fyrir sig galla á kúplingsdælunni því ekki liðinn hinn 15. september 2014.

Í kaupsamningi og afsali fyrir umþrættri bifreið, dags. 30. mars 2012, segir m.a. eftirfarandi: „Seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart galla samkvæmt almennum reglum. Einnig er bent á skoðunarskyldu kaupanda. Bifreiðasali hefur vakið athygli kaupanda á þeim rétti sínum að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins, sem staðfestist hér með. Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við.“

Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin

c. hann [söluhluturinn] svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Þá segir ennfremur í 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Í framangreindum ákvæðum er kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Í kaupsamningi og afsali kemur fram að álitsbeiðandi staðfestir að seljandi hafi vakið athygli hans á því að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Ekki liggur fyrir í gögnum málsins hvort það hafi verið gert. Hvað varðar kaupverð bifreiðarinnar fær kærunefndin ekki séð að það hafi verið mun lægra en viðmiðunarverð á sambærilegum bifreiðum þegar salan

fór fram.

Kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að fátt bendi til þess að bifreiðin svaraði ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hafði gefið um hana, sbr. c-lið 1. mgr. 16. gr. Verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Nefndin telur jafnframt vandséð seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina, sbr. b-lið 1. mgr. 16. gr.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið mun verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna. Sem fyrr segir verður ekki ráðið af gögnum máls að álitsbeiðandi hafi látið skoða bifreiðina af til þess bærur aðila áður en kaupin fóru fram, t.a.m. með því að láta gera söluskoðun á bifreiðinni. Að mati kærufndarinnar hefði slík skoðun ekki leitt í ljós að nokkuð amaði að kúplingsdælu bifreiðarinnar. Þá er rétt að ítreka kærufndin telur ekki sýnt fram á að kaupverð bifreiðarinnar hafi verið óvenjulega lágt. Kúplingspressa er vissulega slithlutur sem getur skemmst við notkun og alla jafna ætti því að hvíla nokkuð þung sönnunarbyrði á þeim sem heldur galla fram á þessháttar íhlut þegar langt er um liðið frá kaupum. Hins vegar liggur fyrir í gögnum máls að bilunin í kúplingspressunni er rakin til brotins splitthrings. Í kvittun vegna viðgerðar á bifreiðinni kemur fram að slík bilun sé þekkt hjá framleiðanda. Telur kærufndin því að líta verði á sem svo að umrædd bilun hafi verið til staðar frá upphafi. Eins telur kærufndin að álitsbeiðandi hafi ekki mátt búast við því að slík bilun kæmi upp í bifreið sem aðeins var 3 ára og tæpra 4 mánaða gömul. Er það því mat kærufndarinnar að ástand bifreiðarinnar hafi að þessu leyti verið verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 segir að reynist söluhlutur gallaður og gallinn hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varða getur neytandi samkvæmt ákvæðum 29. – 33. gr. laganna krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr. Álitsbeiðandi hefur í máli þessu krafist skaðabóta samkvæmt framlögðum reikningi vegna viðgerðar á kúplingspressu að fjárhæð kr. 162.805. Þegar viðgerðin fór fram var bifreiðin vissulega komin á fjórða ár og því mátti álitsbeiðandi búast við því að til einhverra viðgerða kæmi á bifreiðinni. Þá ber einnig að horfa til þess að nýtt kemur í stað notaðs. Verður því kærufndin, m.v. það sem að framan er rakið, að meta bætur að álitum og eru þær hæfilega metnar kr. 100.000.

## IX

### Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 100.000.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir